

taka meiri forða lyfja og umbúða í lyfjaskrin skipsins en annars er fyrir **81** mælt, og jafnvel bæta nauðsynlegum lyfjategundum við, hvorttveggja eftir **26. apríl** nánari fyrir mælum héraðslæknis, er þá skal jafnan tilkvaddur.

8. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. janúar 1936, og fellur þá jafnframt úr gildi tilskipun um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum 1. desember 1924, svo og tilskipun um viðauka við nefnda tilskipun nr. 13 frá 15. apríl 1930.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 26. apríl 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1936 með viðauka.

82

26. apríl

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta tekju- og eignarskatt álagðan 1936, samkvæmt lögum nr. 6 9. janúar 1935, með 10% viðauka. Þó skal eigi innheimta álag, sem nemur minna en 3 kr. hjá gjaldanda.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1936 að innheimta með 25% viðauka tolla af allskonar áfengum drykkjum (sbr. 2., 3. og 4. tölulið 1. gr. laga nr. 41 27. júní 1921, sbr. og lög nr. 73 29. desember 1934, um breyting á þeim lögum), ávaxtasafa og berjasafa, gosdrykkjum allskonar, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, sóðavatni, tegrasi, unnu og óunnu tóbaki, hverskonar sem er, tóbaksvindlum og vindlingum (cigaretum), öllum tegundum af suðusúkkulaði og iðnsúkkulaði, kakódeigi, kakódufti, kakóbaunum, öllum teg-

26. apríl **82** undum af brjóstsykri, konfektí, átsúkkulaði og sykruðum ávöxtum, svo og af vitagjaldi, aukatekjum rikissjóðs, þeim sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, I—VI kafla, stimpilgjaldi, samkv. lögum nr. 75 27. júní 1921, og enn fremur af verðtolti (sbr. lög nr. 47 15. júní 1926, lög nr. 5 3. apríl 1928 og lög nr. 11 2. júní 1933), þó ekki af verðtolti af vörum þeim, er greinir í lögum nr. 83 19. júní 1933 og auglýsingu nr. 106 29. júní 1933, og eigi heldur af skófatnaði, öðrum en lakk-, flos- og silkiskóm, og oliufatnaði.

Viðaukinn sé reiknaður þannig, að hver toll- og gjaldeining hækkar um 25%, og reiknast $\frac{1}{2}$ eyrir eða $\frac{1}{2}\%$ eða hærra sem heill eyrir eða heilt prósent, en minna broti skal sleppt.

Gengisviðauki sá á aukatekjum rikissjóðs og stimpilgjaldi, er um ræðir í þessari grein, tekur þó ekki til greiðslna fyrir embættisverk, sem framkvæmd eru, eða fyrir skjöl, sem gefin eru út vegna framkvæmdar á lögum nr. 78 19. júní 1933, um kreppulánasjóð.

Rísi ágreiningur um það, hvort reikna skuli gjaldið með 25% viðauka eða ekki, sker fjármálaráðuneytið úr.

3. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal til ársloka 1936 heimilt að innheimta með 80% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söng-skemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1936.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 26. apríl 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.